



Fréttatilkynning

04 September 2024 17:10:00 GMT

Arion banki hf.: Niðurstaða útboðs almennra skuldabréfa í íslenskum krónum

Arion banki lauk í dag útboði á almenna skuldabréfaflokknum ARION 28 1215 fyrir samtals 760 m.kr.

Í flokkinn ARION 28 1215 bárust 12 tilboð að fjárhæð 3.020 m.kr. að nafnvirði á ávöxtunarkröfu á bilinu 5,04% – 5,50%. Tilboð að nafnvirði 760 m.kr. voru samþykkt á kröfunni 5,10%. Heildarstærð flokksins verður 12.060 m.kr. eftir útgáfuna.

Í tengslum við útboðið bauðst eigendum flokksins ARION 24 1020 GB að selja bréf sín á fyrirframákveðna hreina verðinu 100,00 gegn kaupum í útboðinu. Engin tilboð bárust.

Stefnt er að töku skuldabréfanna til viðskipta í Nasdaq Iceland þann 11. september 2024.

Útgáfan verður gefin út undir 3,0 milljarða evra Euro Medium Term Notes (EMTN) útgáfuramma bankans. Grunnlýsingu EMTN rammans má nálgast [hér](#).

Umsjónaraðili útboðsins er Markaðsviðskipti Arion banka.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengslum Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumans fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

Viðhengi

[Arion banki hf.: Niðurstaða útboðs almennra skuldabréfa í íslenskum krónum](#)